



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu Sjálfstæðisflokksins um að nýta Spennistöðina fyrir íslenskuver

Á fundi skóla- og frístundaráðs 9. mars 2021 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja til að skoðað verði hvort hægt verði að nýta Spennistöðina fyrir móttökudeild fyrir erlenda nemendur.

Í desember 2020 lagði skóla- og frístundasvið til að sett yrði á laggirnar íslenskuver í hverfum borgarinnar og samþykkti borgarstjórn verkefnið við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021. Tillaga um tilhögun og verklag starfs í íslenskuveri var samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs 9. febrúar 2021.

Þess var farið á leit við Austurbæjarskóla þann 11. febrúar 2021 að skólinn legði til aðstöðu fyrir íslenskuver í borgarhlutanum. Var lagt til í erindi sviðsstjóra að staðsetning íslenskuvers í Austurbæjarskóla verði í risi skólans sem hefur um hríð hýst skólamunastofu. Umrædd beiðni var samþykkt á fundi skólaráðs þann 12. febrúar 2021.

Stjórn Hollvinafélags Austurbæjarskóla hefur lýst áhyggjum af framtíð skólamunastofunnar sem hefur verið til húsa í því rými sem sviðsstjóri lagði til að íslenskuverið yrði staðsett. Skólastjórn Austurbæjarskóla hefur endurskoðað ákvörðun um staðsetningu íslenskuvers innan skólans til þess að tryggja samstöðu um stofnun íslenskuvers í Austurbæjarskóla og hefur því verið valinn annar staður í skólanum.